

# Professional A5

## Lofta- og veggjamálning

### Efnislýsing

Professional A5 er vatnsþynnannleg akrýlmálning með mattri og nútímalegri áferð sem á vel við í rýmum með mikilli náttúrulegri birtu. Professional A5 þekur vel – er sérstaklega hönnuð til að þekja í tveimur umferðum við nýmálun. Professional A5 hentar til notkunar m.a. á gífsplötur og steipt loft, þússuð sem ópússuð. Hún má fara sem eina efnið beint á sandspartlaða fleti (þ.e. einungis á Nordsjö sprautuspartl og handspartl), bæði á loft og vegg og er því mjög til hagræðingar við málun í nýbyggingum.



### Meðhöndlun

#### Nýmálun/nýbyggingar

1. Sandspartlið og slípið eftir þörfum.
2. Á ómáluðum flötum næst bestur árangur með því að grunna fyrst með einni umferð af Professional Grund+.
3. Blettspartlið og blettmálið eftir þörfum með Professional A5.
4. Málið 1 umferð af Professional A5. Ef nauðsynlegt er að blettmála, skal nota sömu tegund af rúllu og við málun.

#### Endurmálun

1. Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni.
2. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers.
3. Gljáandi fleti skal mattslípa og rykhreinsa og grunna eftir þörfum.
4. Málið 1-2 umferðir af Professional A5.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Bindiefni:** Akrýl

**Gljástig:** 5%

**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka 2 klst

**Yfirmálun:** 2 klst

**Lágmarkshiti við málun:** +5°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörakastig 65%

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur

**Þekja:** 8-10 m<sup>2</sup>/l

**Umbúðir:** 10 lítra dósir

**Stofnar:** BW og BC

**Hreinsun:** Sápuvatn

**Geymsla:** Í frostfríu rými

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l.):**

Inniheldur mest 1 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

#### Umhverfisvottanir

Professional A5 uppfyllir staðla Svansins. Sjá nánari upplýsingar á [www.svanen.se](http://www.svanen.se)

Síðast endurskoðað í maí 2021